

## Fundur í skólaráði Ártúnsskóla 23. mars 2022

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Helga Snjólfsdóttir fulltrúi foreldra, Stefán Orri Stefánsson fulltrúi foreldrafélags, Hanna Sóley Helgadóttir fulltrúi frístundar, Guðrún Lilja Stefánsdóttir fulltrúi nemenda.

### Dagskrá:

- Ragnheiður Gróa og Sara fulltrúar FUÁ mættu á fundinn og kynntu FUÁ, nemendafélag Ártúnsskóla.
- Skóladagatal næsta skólaárs var sent með fundarboðinu, Ellen fór yfir það á fundinum og útskýrði. Reynt var að hafa það í huga að hafa ekki starfsdaga á sömu vikudögunum en foreldrum finnst betra að starfsdagar séu upp við helgarleyfi. Foreldrafélagið ætlar að setja inn sína viðburði á dagatalið. Skólaráð samþykkir skóladagatal næsta skólaárs.
- Innra mat – kynning. Ellen kynnti matsáætlun skólans fyrir núverandi skólaár. Matsáætlunina má sjá á heimasíðu skólans [https://artunsskoli.is/wp-content/uploads/2021/09/mats\\_aaettlun\\_2021.pdf](https://artunsskoli.is/wp-content/uploads/2021/09/mats_aaettlun_2021.pdf). Fulltrúi foreldra ræddi um foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs og kom með ábendingu um að það var bara hægt að merkja við tvö kyn gagnvart börnunum.
- Starfsmannasamtöl – snerpusamtöl, Ellen sagði frá að starfsmannasamtölum er að ljúka núna. Í haust hittu Ellen og Bára kennarateymin í samtölum og svo er einstaklingssamtölunum að ljúka núna.
- Fjárhagsstaða um áramót. Ellen sagði frá að staðan eftir áramót er ekki jákvæð gagnvart fjárhagsstöðu skólans. Þar hafa haft mikil áhrif skammtíma- og langtíma veikindi starfsfólks sem og auka mönnun í stuðningi.
- Næsta skólaár nemendatölur í grunnskóla, nemendum mun fækka um 10 - 15 næsta skólaár og nemendafjöldi mun vera í kringum 165 næsta skólaár. Áætlun næstu ára er fækkun en það hefur svo sem gerst áður og við vonumst til þess að fjölgun verði aftur í kortunum fljótlega.
- Sumarlökun leikskóla og frístundar. Lokað verður í leikskóla og frístund frá og með 6. júlí og opnað verður aftur 4. ágúst.
- Bílastæði skólans, Ellen fór yfir stöðuna. Bílastæðið er lítið og bílastæði eru fá. Það er ófremdar ástand á bílastæðinu á morgnana yfir vetrartímann. Það er svo mikil hætta fyrir börnin þegar þau eru að koma gangandi í skólann þegar mikil umferð er á bílastæðinu á morgnana og fólk keyrir inn bílastæðið og bakkar svo út. Rætt við foreldra fundarins um að fá aðra foreldra til að vera meðvitaðir um ástandið.
- Önnur mál, ekki voru nein önnur mál á dagskrá.

Fundinn ritaði

Guðrún Bára Gunnarsdóttir